



SJL 1C05 Formfræði

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Kristveig Halldórsdóttir

Netfang/netföng:

kristveig.halldorsdottir@borgo.is

Lýsing:

Nemendur gera verkefni til að þjálfra hæfni sína og skilning í formfræði og litafræði. Í formfræði kanna þeir lögmál klassískrar myndbyggingar og hugtök á borð við frumform, jafnvægi, spennu, endurtekningu, hlutbundin og óhlutbundin form, mynstur og merkingu. Í litafræði rannsaka nemendur ljósblöndun lita í tölvu, heita liti, kalda liti, andstæða liti, sálræn áhrif lita, merkingu þeirra og fleira. Lögð er áhersla á að nemendur kanni áhrif lita, forma og myndbyggingar í myndlist og hvernig þeir geta nýtt sér þekkingu sína og þjálfun á ólíkum sviðum lista og hönnunar.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hlutbundnum formum og óhlutbundnum.
- Klassískum lögmálum myndbyggingar.
- Hugtökum eins og jafnvægi, spennu, endurtekningu og rytma í myndbyggingu og formfræði.
- Sálrænum áhrifum lita.
- Hlutverki lita- og formfræði í allri listsköpun.
- Litakerfum tölva og litaprentun.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Byggja upp mynd með aðferðum klassískrar myndbyggingar.
- Raða saman formum m.t.t. myndbyggingar og sálrænna áhrifa af samspili þeirra í myndfletinum.
- Breyta mettun og birtustigi lita í tölvum.
- Velja liti í markvissum tilgangi.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna markvisst með liti og form við gerð eigin myndverka.
- Miðla sértækri merkingu með þekkingu sinni í lita- og formfræði.
- Greina sjónræna merkingu með tilliti til lita- og formfræði á ýmsum sviðum lista og hönnunar.
- Tjá sig um litanotkun, myndbyggingu og formfræði í eigin verkum og annarra.

Námsmat:

Símmat er í áfanganum sem byggist á vinnu í tímum, og verkefnaskilum. **Nemendur þurfa að gera öll verkefni og ná að lágmarki 4,5** og kynna þau fyrir öðrum nemendum í bekknum. Látið kennara vita og semjið um skil ef þið þurfið á því að halda.

100%

20% Formfræði (skissur, tölvuteikning, jákvætt, neikvætt, andstæður, þróunn)

20% Myndbygging, (hugtök, ferli, seríur)

20% Litafræði (Heitir, kaldir litir, andstæðulitir, jarðlitir, litaspjaldið ykkar)

15% Munsturgerð (Óhlutbundin og hlutbundin munstur)

15% Rýmisverk (unnið út frá verkefnum áfangans, rýmishönnun)

10% Lokaverkefni frjálst.

Nemendur þurfa að ná öllum námsþáttum, fá 4,5 að lágmarki til að ná áfanganum. Mikilvægt er að mæta vel og vinna vel í tímum.

Námsgögn:

Plastvasamöppu eða litla möppu fyrir skissublöð.

Teikniáhöld s.s tússpennar 0.2, 0.4, 0.6 og einn mjög breiðan túss.

Tölvuforritið Adobe Illustrator er í tölvum skólans. Pappír til að teikna á og til útprenntunar er í skólanum.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Fari óheimilar fjarvistir yfir 15% telst nemandi fallinn í áfanganum en fari heildarfjarvistir yfir 20% af **hvaða ástæðu sem er** (þar meðtöldum veikindum) telst nemandi jafnframt fallinn.

Ekki er ætlast til að nemandinn hafi sína eigin tölvu til afnota en það er nauðsynlegt að klára öll verkefni á tilsettum tíma og halda kennsluáætlun. Nemendur hafa aðgang af skólatölvum fyrir utan kennslustundir.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Kynning á áfanganum Inngangur: Myndbygging	
2	9.-13. janúar	Kennsla á forritið Illustrator, skipting flatarins, skipulag,- teikning – línur – frumformin. Skissuvinna – línur, ferhyrn form, hringir, þríhyrnd form	
3	16.-20. janúar	Skissuvinna – línur, ferhyrn form, hringir, þríhyrnd form	
4	23.-27. janúar	Unnið út frá skissunum, láréttar – og lóðréttar línur	
5	30. jan- 3. febrúar	Unnið út frá skissunum, ferhyrn form, hringir, þríhyrnd form	
6	6.-10. febrúar	Kynning á verkefnum. Formfræði 20%	Skóhlífadagur
7	13.-17. febrúar	Myndbygging – farið yfir lögmál myndbyggingar	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Unnið út frá myndbyggingunni	Vorannarhlé
9	28. febrúar- 3. mars	Vinnuvika	
10	6.-10. mars	Skila á verkefnum. Myndbygging 20%	
11	13.-17. mars	Litafræði – í Illustrator litatónar og ljósmagn lita. Litaspjald.	
12	20.-24. mars	Litafræði, heitir- og kaldir litir. Andstæðir litir.	
13	27.-31. mars	Skil á litafræði 20%	Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Munsturgerð – Illustator	
16	17.-21. apríl	Munsturgerð - skil 1	5% Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Rýmisverk - hópverkefni	Vörðuvika II
18	1.-5. maí	Rýmisverk 15%	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Lokaverkefni frjálst	
20	15.-16. maí	Lokaverkefni frjálst skil -	Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.